



**BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS**

Búgreindadeild skógarbænda hjá Bændasamtökum Íslands

Skýrsla vegna átaksverkefna skógarbænda í úrvinnslu og markaðsmálum skógræktar



Nóvember 2022

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Söguágrip	3
Búgreinardeild skógarbænda (SkógBÍ).....	3
Félagatal	4
Útlistun verkefna	4
Stjórnsýsla	5
Stjórn LSE.....	5
Starf Bændasamtaka Íslands (BÍ).....	5
Fundir	6
Innra starf	6
Félagastarfið.....	6
Aðalfundur skógarbændafélaganna.....	7
Sérverkefni	7
Fagráðstefna skógaræktar.....	7
Framtíðarsýn/stefna LSE.....	7
„Horft fram á við“	8
Landbúnaðarsýning	8
Viðargæðastaðlar.....	8
TreProX -fólkið á söginni	8
Kolefnisbrúin ehf.....	8
Markaðsmál.....	9
Annað	9
Námsekið og ráðstefnur	9
Fjármál	9
Launakostnaður	9
Annar kostnaður	9
Hvers megnugt er tré.....	10

Inngangur

Þessi skýrsla er vegna framlaga úr ríkissjóði til Bændasamtaka Íslands (BÍ). Áður rann framlaga rammasamningsins til Landssamtaka skógareigenda (LSE) en við sameiningu BÍ og LSE í fyrra varð til búgreinadeild skógarbænda (SkógBÍ) hjá BÍ. Framlaginu er nú ánafnað starfi SkógBÍ og þar með ætlað til átaksverkefna skógarbænda í úrvinnslu og afurðarmálum. Markmið framlaganna er að auka áframvinnslu hráefnis, vöruþróun, vöruframboð og stuðla að aukinni arðsemi skógræktar.

Söguágrip

Landssamtök skógareigenda (LSE) voru stofnuð í júní 1997. Árið 2017 var gert samkomulag við ríkið um rammasamning vegna átaksverkefna í skógrækt, skógarafurðum, vöruþróun og markaðssetningu skógarafurða og verkefni vegna kolefnisbindingar skóga, sem gildir frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2026. Starf samtakanna tók stakkaskiptum við rammasamninginn var undirstaða að rekstri samtakanna auk félagsgjalda. Rammasamningurinn gerði það að verkum að hægt var að halda úti öflugum starfi og starfsmann í 80% starfshlutfalli. Á aðalfundi LSE í maí 2021 samþykktu fundarmenn breytt félagskerfi sem fólst í að starf LSE myndi flytjast til Bændasamtaka Íslands (BÍ). Þann 1. júlí 2021 tóku breytingarnar gildi við sameiningu flestra búgreinafélaga landsins í ein heildarsamtök fyrir alla bændur; BÍ.



Þetta ár, 2022, er fyrsta heila starfsár nýrra samtaka BÍ. Innra starf BÍ er að taka á sig mynd. Hugmyndin er að búgreinarnar vinni saman að sameiginlegum markmiðum bænda og efla hverja aðra. Ytra starf samtakanna er hagsmunbarátta bænda en ekki síður að vera sýnileg og standa keik fyrir félagsmenn sína. Í mörg horn er að líta. Sala á Bændahöllinni/Hótel Sögu hefur tekið sinn toll sem og flutningur í nýtt húsnæði í Borgartúni 25.

Forsíðumynd: Af nýbornu folaldi og móður við skjólbelti í Biskupstungum. (mynd HGS)

Búgreinardeild skógarbænda (SkógBÍ).

Fyrirfram var reiknað með að mikill tími færi í sameiningarmálin við BÍ og hefur það gengið eftir. Nokkrar starfsmannabreytingar hafa verið hjá BÍ undanfarið misseri og má líta á það sem lið í að efla samtökin í þágu bænda. Bændur eru og munu áfram vera í fyrsta sæti og á ekki að gera upp á milli búgreina. BÍ eiga fyrst og fremst að gæta hagsmuna bænda í landinu.

Þó skógrækt hafi verið stunduð í landinu í yfir hundrað ár þá er vart liðinn fjórðungur aldar síðan bændur fóru að stunda skógrækt í einhverju mæli. Stærsta áskorunin við að tala máli skógarbænda er tala fyrir öllum þeim margbreytilega ávinningi sem af skógi kemur. Sá fjölbreytti ávinningur sem hlýst af skógrækt virðist aftra búgreininni þann hljómgrein sem hún á skilið, ólíkt öðrum búgreinum svo sem sauðfjárrækt þar sem kjöt og ull vakir fyrir þeirri rækt og kjúklingarækt gengur út á kjöt og egg. Hér þarf ekki að taka fram að í flestum „hefðbundnum“ landbúnaði eru aðföng undirstaða ræktunarinnar en í skógrækt er ekki krafist aðfanga. (*Aftast í þessu skjali er ávinningur skógræktar útskýrður í einföldu skífumáli*). Fyrir vikið er eins og skógrækt fái sjaldan þann stuðning meðal annarra bænda eins og skógræktarmönnum þykir svo að segja sjálfsagður. Mögulega er þetta munaðarvandamál. Þetta mun koma niður á næstu kynslóðum því einmitt þær munu erfa landið og byggja. Örugasta leiðin að sterkum landbúnaði í landi á norðurhvara veraldar er með sjálfbærni. Fullyrða má að sjálfbærni í íslenskum landbúnaði næst ekki nema með skógrækt. Kannski er það ekkert skrítið að margir skógarbændur spyrji sig einfaldlega hvort það búgreinin skógrækt eigi samleið með öðrum búgreinum innan BÍ; eins og sakir standa. Þegar nýtjar skógarins fara að líta dagsins ljós með fjárhagslegum ávinningi má frekar líta á skógrækt sem jafningja annarra búgreina innan ramma samtaka íslenskra bænda.

Kolefnisbinding með skógrækt er nýstárleg búgrein sem fáir hafa áttað sig á. Kolefnisbinding getur farið fram með mörgum hætti en gengur oftast út á að nota land með einhverju hætti svo sem landgræðsla, endurheimt votlendis, kornrækt, hamprækt, ullarrækt eða niðurdælingu sóðavatns og svo fátt eitt sé nefnt. Sem stendur eru megin áherslur samþykktar kolefnisbindingar skógrækt og getur hún verið drjúg búbót fyrir bændur. Ef rétt er haldið á spilunum getur þetta drýgt tekjur bænda og það á sjálfbæran hátt. Það að SkógBÍ sé innan BÍ er stórt hagsmunamál fyrir alla búandi bændur. Bændur eru í mjög álitlegri stöðu við að styrkja stöðu sína með kolefnisbindingu með skógrækt. BÍ eru í dauðafæri við að sanna sig fyrir bændum og styrka stöðu sinna félagsmanna og sinna samtaka um leið með því að halda fylgjast með þróun mála og vera með í umræðunni. Verði bændur ekki hafðir með í umræðunni um bindingu kolefnis með skógrækt er hætta á mismunun og bændur beri skarðan hlut frá borði. Margt er um að vera í málum landbúnaðar og matvæla í dag og því vel mögulegt að stærsta hagsmunamál bænda nútímans falli í skuggann á öðrum málum sem getur haft skelfilegar afleiðingar fyrir búsetu og öryggi matvælaframleiðslu. BÍ geta staðið vörð um hagi bænda á nýjum vettvangi landbúnaðar; framleiðslu kolefniseininga. Það er einkum sú varsla og þær úrlausnir sem skógarbændur trúa og treysta á. Verði þeim málum ekki sinnt er ólíklegt að skógarændum fjölgi í bráð innan BÍ en dræm félagapátttaka þeirra er meðal skógarbænda innan BÍ hefur verið dragbítur búgreinadeildarinnar.

Félagatal


Á sameiningarárinu 2021 voru félagsmenn LSE um 700 talsins á um 500 bújörðum. Í félagatali BÍ eru 2894 félagsmenn skráðir í nóvember 2022 og af þeim hafa 178 einstaklingar hakað við skógrækt í félagaskráningarkerfi Samtakanna. Af þeim eru 60 (34%) sem hafa hakað við skógrækt eingöngu en 118 manns (66%) haka við skógrækt ásamt fleiri búgreinum.

Fyrir vikið hefur starf í þágu skógarbænda ekki verið með sama dampi og áður var innta af hendi undir merkjum LSE. Mikill vilji er meðal félagsmanna BÍ að styðja við smáa búgrein skógarbænda ef marka má jákvæð orð til deildarinnar á búnaðarþingi á fyrsta fjórðung ársins. Það sama jákvæða hugarfar er meðal forystu og starfsmanna BÍ. Það sem vantar, til að auka hlutfall skógarbænda innan BÍ, er að fá óskráða skógarbændur innan sem utan skógarbændafélaga til að ganga til liðs við BÍ og ekki síður, að fá núverandi félagsmenn til að hefja skógrækt. Til þess þarf að standa við efndir í löngum aðdraganda sameiningarinnar. Það mun leiða til samvinnu milli stjórnar BÍ við SkógBÍ. Mikil orka farið í sameininguna og því ber að vænta að næsta ár verði ár upprisú skógræktar meðal bænda.

Útlistun verkefna

Yfirgrip þessarar skýrslu eru verkefni sem SkógBÍ hefur unnið á árinu. Þeim er reynt að gera nánari skil hér á næstu síðum. Verkefnin eru fjölbreytt og skarast gjarnan. Við sameininguna hækkaði starfshlutfall fyrrum framkvæmdastjóra LSE úr 80% í 100% sem nú gegnir stöðu sérfræðings í röðum BÍ. Hlutföll á starfi sérfræðings BÍ sem sinnir málum SkógBÍ 2022 (frá 1.nóv 2021- 31.okt 2022) má lesa á kökuriti hér til hliðar. Greining á starfi getur aldrei verið mjög nákvæmt en það gefur þó ágæta hugmynd um skiptingu verkefna.

Kaflar þessarar skýrslu byggja á verkefnum búgreinadeildarinnar 2022 og má sjá hlutföll á kökuritinu hér til hliðar: Stjórnsýsla 38% (var 39% árið 2021), Sérverkefni 39% (31%), Innra starf 20% (Innra starf og Markaðsmál samtals var 27%), Annað 3% (10%),



Stjórnarsýsla

Fyrri hluti ársins snérist starfið að miklu leiti að hveitibrauðsdögum sameinaðra búgreina- og aðildarfélaganna BÍ. Fyrir sameiningu voru innan raða LSE mikil fundahöld og orka sem fór í að velta uppi kostum og göllum sameiningarinnar. Unnin var umfangsmikil SVÓT greining af Hafliða Herði Hafliðasyni, þá verkefnisstjóra Kolefnisbrúarinnar. Ýmsir kostir gátu falist í sameiningunni ekki síður en ókostir. Eitt atriði gerði það að verkum að nánast var útilokað að komast hjá sameiningu. Það var viss ókostur, en fól einnig í sér tækifæri; deild skógarbænda innan BÍ yrði líkast til stofnuð hvort er og myndi væntanlega fá fjárframlag frá ríkinu sem myndi leiða til þess að framlag til LSE yrði skorið niður eða jafnvel afnumið. Deildin myndi þar með taka yfir starf LSE með tíð og tíma. Það var því nokkuð ljóst að erfitt yrði að mæla gegn sameiningunni, enda engin ástæða til því hagsmunabaráttu skógarbænda yrði áfram haldið og yrði auk þess með sterkari röddu en nokkur tíman áður. Enda fór það svo, á óhefðbundnum aðalfundi samtakanna í maí 2021, að meirihluti atkvæða kosningabærs félagsfólks kaus að ganga í raðirnar BÍ. Fundinum var streymt á YouTube.

(https://www.youtube.com/watch?v=mgggIaqoOA&t=1263s&ab_channel=Kviklandehf).

Þetta ár litast aðallega að þremur málum: Sameiningu við BÍ, Kolefnisbrúnni og Covid, sem hafði áhrif á allt félagsstarf í landinu. Vissulega voru fleiri mál uppi á borðinu og voru þau af öllum gerðum. Afgreiðsla verkefnanna er mis tímafrek. Upptalning verkefna, sem síðar er fjallað um, skarast mjög við önnur verkefni en reynt verður að gera þeim viðunandi skil.

Stjórn LSE

Stjórn Búgreinadeildar skógarbænda (Skóg BÍ) 2022 er breytt frá fyrra ári og er nú:
Jóhann Gísli Jóhannsson, formaður, fulltrúi Félags skógarbænda á Austurlandi (FsA)
Sighvatur Jón Þórarinnsson, fulltrúi Félags skógarbænda á Vestfjörðum (FsVfj.)
Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir, fulltrúi Félags skógarbænda á Norðurlandi (FsN)
Hrönn Guðmundsdóttir, fulltrúi Félags skógarbænda á Suðurlandi (FsS)
Guðmundur Sigurðsson, fulltrúi Félags skógarbænda á Vesturlandi (FsV)
Hlynur Gauti Sigurðsson, starfsmaður hjá BÍ, sér um mál deildarinnar.

Starf Bændasamtaka Íslands (BÍ)

Þegar sameiningin var gengin yfir voru ýmis verkefni í burðarliðnum hjá nýjum bændasamtökum. Auk flókans sameiningarferlis, þar sem vilji var til að gera öllum búgreinum hátt undir höfði, geisaði Covid faraldur yfir sem gerði ferlið öðruvísi en menn áttu að venjast hingað til. Var þar helst fyrir að fara fleiri tölvufundum og færri staðarfundum. Sitt sýnist hverjum um þau nútímapægindi en ljóst er að slíkir fundir eru komnir til að vera. Um það leiti sem Covid sóttvörnum í landinu var létt braust út stríð í Evrópu. Það var um það leiti sem búgreinaþing og síðar búnaðarþing var haldið, á árum áður í húsakynnum Bændahallarinnar /hótel Sögu en nú í húsakynnum hótel Natura (Loftleiðir). Á sama tíma voru fyrstu flóttamenn Úkraínustríðsins um það bil að gera sig gestkomna á hótel Sögu að undirlagi stjórnvalda. Á sama tíma stóðu yfir útrýming innanstokksmuna af hótelinu og má segja að þar hafi kraftaverk verið unnið á tiltölulega skömmum tíma. BÍ fluttu á haustdögum í nýtt húsnæði í Borgartún 25; skömmu eftir að hafa klárað hringferð um landið. Tilgangur þeirra hringferðar var fundahrina til að sýna sig og sjá aðra. Nú er starf BÍ loksins að taka á sig þá mynd sem reikna má með að komin sé til að vera.

Af þessari yfirferð að dæma er nokkuð ljóst að mikil hamskipti hafa orðið á starfi BÍ á þessu ári. Auk þess var nokkuð um mannabreytingar innan starfsmanna BÍ. Þótt töluvert þrekvirki sé nú að mestu afstaðið bitnaði það að einhverju leiti á hinu eiginlega starfi; efling búgreinafélaganna. Þetta þarf þó ekki að vera als læmt því útlit er fyrir að áhersla með enn

meiri þunga næstu missera verði á landbúnaðinn en ekki á búslóðaflutning, hótelrymingu og heimsfaraldrá. Fyrrgreint stríð í Úkraínu hefur reyndar áhrif á starf BÍ þar sem öryggi matvæla og aðbúnaðar í landbúnaði er ógnað í Evrópu sem og hérlendis. Þar hafa skógarbændur umtalsvert fram að færa.

Fundir

Líkt og á fyrra starfsári voru fundir stjórnar SkógBÍ á þessu starfsári (*frá 1.nóv. 2021 – 31.okt. 2022*) 12 talsins og lesa má um þá í fundargerðum nr. 2 – 13 sem eru aðgengilegar félagsmönnum á bondi.is. Einungis einn stjórnarfundur var haldinn sem staðarfundur og var það þriðji fundurinn, 9.mars 2021, en hann var ekki einungis eini og þá um leið síðasti staðarfundur stjórnarinnar heldur var hann örugglega einnig síðasta fundur skógarbænda haldinn í súlnasal Hótel Sögu. Aðrir fundir voru með Temas fjarfundi og voru langflestir haldnir á fyrri hluta ársins 2022.

Samkvæmt lögum Lög um skóga og skógrækt frá 2019 nr. 33 15.maí segir:

14. gr. Samráð.

Skógræktin skal hafa samstarf við félög skógarbænda á viðkomandi svæðum. Skógræktin skal leita umsagnar Landssamtaka skógareigenda við ákvörðun viðmiða fyrir endurgreiðslu samþykkt kostnaðar skv. 4. mgr. 11. gr. Skógræktin og Landssamtök skógareigenda skulu móta sér sameiginlegar verklagsreglur um hvernig samráði þeirra í milli skuli háttað.

Samráðsfundir LSE og Skógræktarinnar hafa verið tveir á árinu, sitt hvoru megin við sumarið. Þar sem LSE eru nú skilgreind sem „skúffufélag“ sem að sitjandi stjórn SkógBÍ, mætti hún á samráðsfundinn ásamt einum fulltrúa frá hverju skógarbændafélagi. Meðal þess sem var á dagskrá fyrri fundarins, 5.maí, af hálfu skógarbænda, voru breyttar forsendur af hálfu LSE, sem nú yrðu undir merkjum SkógBÍ. Rætt var um að einhverskonar tilkynning þarf að fara fram fyrir lögum um þessar breytingar. Síðari fundurinn var haldinn 14.nóvember.

Innra starf

Innra starf fellst einkum í starfi sem snýr beint að félögum búgreinardeildar skógarbænda.

Félagastarfið

Fyrir sameiningu voru félagsmenn skógarbændafélaganna fimm sjálfkrafa félagsmenn í LSE. Eftir sameiningu urðu skógarbændur að skrá sig og greiða í BÍ og haka við skógrækt til að auðkenna sig við búgrein. Þar sem tekjur af skógrækt eru takmarkaðar á fyrstu áratugunum greiða félagsmenn yfirleitt í lægsta þrep, eða 15.000 kr fyrir ársaðild. Þegar þetta er skrifað eru félagsmenn í SkógBÍ 170 manns.

Fyrir áramótin 2021/2022 var lagt mikið kapp á að bæta stöðu félagsmanna. Meðal annars var búið til myndband sem útskýrði ferlið við skráninguna, en mörgum þótti ferlið vera of flókið. Árangurinn var nokkur eða frá 125 félagsmönnum um jólin í 149 eftir áramótin. Það má geta þess að við samanburð félagatala BÍ við Félagatal LSE voru 200 félagsmenn skráðir í þeim báðum. Það sem stendur útaf er að haka við skógrækt í skráningakerfinu. Það eitt gefur tilefni til að ætla að skráningakerfið sé of flókið fyrir félagsmenn nema hreinlega þessir einstaklingar hafi ekki áhuga á að leggja nafn sitt við skógrækt, sem er ofboðslega fjarlægur möguleiki.

Mikilvægt er fyrir forystu SkógBÍ að vera í góðum tengslum við grasrótina sína. Mikill minnihluti skógarbænda í landinu hafa skráð sig í raðir BÍ og er það áhyggjuefni fyrir unga uppvaðandi búgrein á Íslandi. Hér þarf ekki að fjölyrða aftur um ávinning skógræktar en úr því sem komið er má telja líklegra að félagsmönnum SkógBÍ fjölgi frekar innan núverandi félagsmanna úr öðrum búgreinum heldur en félagsmenn skógarbændafélaganna skrái sig í BÍ. Það er vegna þess að bændur í búskap hafa margir hverjir séð ávinning af skógrækt, annan en eingöngu til viðarnytja. Til dæmis með kolefnisbindingu.

LSE og BÍ stofnuðu einkahlutafélagið Kolefnisbrúin með það að markmiði að efla skógrækt enn frekar með ráðum og dáð. Í aðdraganda einkahlutafélagsins kynnti LSE hugmyndina fyrir þáverandi stjórn hjá BÍ og einnig Skógræktinni. Á þeim fundum þótti nokkuð ljóst að um stórt hagsmunamál var að ræða fyrir bændur. Samstíga stofnuðu LSE og BÍ félagið Kolefnisbrúin með það fyrir augum að halda eignahaldinu hjá bændum og hagsmunum þeirra yrdi best gætt þannig. Kolefnisbrúin var/er því gullepli BÍ en ekki er víst að allir bændur geri sér grein fyrir því, ekki enn. Fyrst um sinn horfa verkefni Kolefnisbrúarinnar til nýskógræktar en of lítið hefur miðað í málefnum eldri skóga fyrir skógarbændur í röðum LSE. Eignahald á utan hefðbundins búskapar er að breytast mjög um þessar mundir. Þess vegna er líklegt að bændur sem stunda búskap nú þegar gerist skógarbændur heldur núverandi bændur bandi í raðir BÍ. Kolefnisbrúin á ærin verkefni fyrir hendi og hefur haft lengi. Eftirfylgni og ef til vill skilningur á mikilvæginu, hefur aftrað því að Kolefnisbrúin ná þeim hæðum sem til var vænst. Sem dæmi um það er að það búgreinafélag sem sýnt hefur verkefnum Kolefnisbrúarinnar raunverulegan áhuga eru garðyrkjubændur og sýndur þeir það í verki með fjárframlagi til eflingar Kolefnisbrúarinnar. Meira þarf ef duga skal.

Aðalfundur skógarbændafélaganna

Félög skógarbænda héldu sínu starfi áfram eins og fyrri daginn. Ásamt viðkomandi stjórnarliða SkógBÍ sótti starfsmaður BÍ heim skógarbændur á Norðurlandi, Vesturlandi og Suðurlandi.

Formenn félaga skógarbænda ákváðu að halda sameiginlega samkomu í október 2022 að Reykholti í Borgarfirði og leituðu til SkógBÍ við frekari útfærslu. Ekkert varð af samkomunni þetta árið en almennt var vilji var til að efla starfið og reyna aftur á næsta ári.

Sérverkefni

Aðkoma framkvæmdastjóra og stjórnar af sérverkefnum er mismikil og misjöfn.

Fagráðstefna skógaræktar

Fagráðstefna skógræktar var haldin á hótél Geysi í Haukadal 29.-30.mars undir kjörorðunum „Skógrækt 2030 – Græn ábyrg framtíð“. Starfsmaður BÍ, formaður og fleiri stjórnarliðar SkógBÍ mættu á ráðstefnuna.

Starfsmaður BÍ var fulltrúi skógarbænda í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar líkt og hefð er fyrir. Fundinum var skipt upp í þrjú megin þemu: Skógræktarstefna til 2030, Kolefnisbinding og Viðarafurðir. Öll þessu þrjú ufmjöllunarefni skipta skógarbændur miklu máli og voru fulltrúar skógarbænda í framsögu í öllum þeirra og/eða í pallborði. Ráðstefnunni var streymt og má sjá upptöku á Youtube síðu Skógræktarinnar.

Óþarfa skörun varð milli viðburða þegar misskilningur virðist hafa verið meðal helstu hagsmunaaðila þeirra. BÍ og Landbúnaðarháskólinn (LBHI), ásamt og fleiri aðilum halda Fagráðstefnuna árlega. BÍ og LBHI, ásamt fleirum stóðu fyrir málþingi, sem höfðaði að miklu leiti fyrir sama markhóp og var á Fagráðstefnunni, sama dag og með stuttum aðdraganda. Málþingið „Stefnumótun um verðmætaaukningu og nýsköpun í landbúnaði“ var haldið á hótél Natura 30.mars. Sérkennileg samskiptaleyfi áttu sér þarna stað sem ótrúlegt er að endurtaki sig.

Daginn eftir, 1.mars, var búnaðarþing á hótél Natura sem gekk vel eftir atvikum.

Í lok Fagráðstefnu skógræktar 2021 komu ráðstefnuhaldarar sig saman um að Fagráðstefnan mætti helst ekki skarast við búnaðarþing BÍ. Það kom svo upp úr dúrnum að einmitt það mun gerast árið 2023. Hverjum er um að kenna er erfitt að segja.

Framtíðarsýn/stefna LSE

Ætlunin var að endurskoða stefnu LSE á árinu, líkt og í fyrra. Því var frestað vegna aðlögunar eftir sameiningu við BÍ.

Áður útgefin framtíðarsýn LSE var helguð tímabilinu 2012- 2022. Flest þau stefnumál sem þar eru enn vel við hæfi. Aukin áhersla á loftslagsmál, óstöðugt verðlag á innfluttu timbri og góður vöxtur skóga

gefur tilefni til frekari endaskoðunar. Nú má taka inn í heimsmálin og stríðsástands í Evrópu. Á heimasíðu LSE, skogarbondi.is, má nálgast nágildandi stefnu.

„Horft fram á við“

Árið 2020 var gefin út yfirgripsmikil skýrsla sem lýsir stöðu timburs á Íslandi mjög vel. Hún var kynnt á Fagráðstefnunni á hótél Geysi.

Í skýrslunni er farið yfir stöðuna og tækifærin sem felast í íslenska skógrækt inn í framtíðina. Þó skýrsla sé komin út gefur það ekki tilefni að slaka slöku við, heldur er ætlunin að fylgja vinnunni eftir og efla þannig viðarvinnslu enn frekar.

Kynningarmyndband er hægt að sjá á Youtube Skógræktin og hlekkur á skýrsluna er á skogarbondi.is

Landbúnaðarsýning

Kolefnisbrúin ehf hélt úti bás fyrir skógarbændur á Landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöll.

Á þar síðustu landbúnaðarsýningu í Laugardalshöll, 2018, voru LSE með vel heppnaðan skógarbás þar sem sýndar voru afurðir skógabænda. Ákveðið var að leika sama leik á næstu sýningu sem kom á daginn að var ítrekað seinkað vegna sóttvarna. Loks var sýningin haldin um miðjan október í ár. Skógarbændur voru þar með glæsilegan bás við hliðina á stærri en ekki síður glæsilegum bás BÍ. Hitan og þungan á básnum voru sýnendurnir: Skógarafurðir ehf., Köngull, félag trérennismiða, ArcticPlanc, Ilmur, Hraundís og síðast en ekki síst Kolefnisbrúin.

Viðargæðastaðlar

Mikilvægt er að íslenskt timbur verði gerður kostur á að vera samkeppnishæft við það innflutta. Það sem stendur út af er krafa um vottun af mörkuðum erlendis frá.

Ákveðinn sigur vannst þegar Umhverfisstofnun kom að vinnu hagaðila í viðarafurða í gerð staðla. Nú má nota íslenskt timbur í Svansvottaðar byggingar að stórum hluta. Meiri vinna er framundan í að koma íslenskum viðarafurðum á markað, samkeppnishæfan við innflutt timbur.

TreProX -fólkið á söginni

TreProX er stórt Erasmus verkefni sem aðallega er á herðum LBHI og Skógræktarinnar. Fyrsta námskeiðið var haldið á Íslandi nú í fyrra haust og tvo síðari námskeiðin voru í Svíþjóð og Danmörku í ár.

TreProX verkefnið er verkefni fyrir „fólkið á söginni“ og var það vinnuheiti verkefnisins þar til það óx og teygði sig yfir til Norðurlandanna. Sam-starfs-aðilar í verkefninu eru Landbúnaðar-háskóli Íslands, Skógræktin, Trétækni-ráðgjöf, Kaupmanna-hafnarháskóli og Linne-háskóli í Svíþjóð. Alls voru um 40 þátttakendur á námskeiðinu, frá Íslandi, Svíþjóð, Danmörku, Nýja-Sjálandi, Nepal og Kína. Námskeiðið var á kostnað af Erasmus+ og veður formlega lokið fyrir lok þessa árs.

Í vor var farin viku námsferð til Smálanda Svíþjóðar. Í kjölfarið hélt starfsmaður BÍ áfram í vettvangsferð um Svíþjóð og safnaði gagnlegum upplýsingum í formi myndbandsupptaka. Um haustið fór hópurinn svo til Djursland í Danmörku og lærði af Dönum. Heimasíða verkefnisins er treprox.eu

Kolefnisbrúin ehf.

Mikill þungi var lagður á framþróun Kolefnisbrúarinnar í ár. Stjórn Kolefnisbrúarinnar er skipuð tveimur fulltrúum LSE og einum frá BÍ. Jóhann Gísli Jóhannsson hefur verið formaður allat árið en breyting hefur verið á öðrum stjórnarliðum. Rúnar Vífilsson vék sæti og í hans stað kom Sighvatur Jón Þórarinnsson og Oddný Steina Valsdóttir vék sæti of í hennar stað kom Sveinn Rúnar Ragnarsson.

Megin starf Kolefnisbrúarinnar hefur unnist af tveimur starfsmönnum BÍ: Hlyni Gauta Sigurðssyni og Val Klemenssyni. Drjúgum tíma hefur verið varið í störf tengdum Kolefnisbrúnni. Kolefnisbrúin er gullepli BÍ sem enn hefur vart verið tekið eftir.

Markaðsmál

Markaðsmál ganga út á upplýsingagjöf fyrir félagi og aðra áhugasama. Það getur t.d. verið í formi útgáfu, fyrirlestra og samræðu við fjölmiðla.

Eftir sameininguna hefur ekkert verið lagt út í útgáfu málgagns skógarbænda; „Við skógareigendur“. Skrifað mál hefur helst verið gerð skil í lesgagni bænda; Bændablaðinu. Einnig eru upplýsingar að finna á heimasíðu LSE, skogarbondi.is og Facebook síðu skógarbænda. Léttvægt útvarpsefni var flutt í Podcast veitu Bændablaðsins framan af ári. Skógarbændur hafa flutt þætti undir nafninu Köngull í hlaðvarpi Bændablaðsins; Hlaðan. Eftir flutninga BÍ úr Bændahöll yfir í Borgartún hefur sú miðlun verið í skötulíki.

Annað

Fjöl mörg mál koma á borð stjórnar og framkvæmdastjóra svo sem samtöl, ráðgjöf og bókhald til að nefna brot. Óþarfi er að tunda frekar verkefni í þessum flokki.

Námsekið og ráðstefnur

Farið var á tilfallandi ráðstefnur yfir árið en þeim verður þeim ekki gerð ítarleg skil hér.

Dæmi um viðburði var Landsmót hestamanna, félagsfundir búgreina garðyrkjubænda og stærri og smærri ráðstefnur innan borgarmarkanna. Utan TreProX voru engin námskeið sótt.

Fjármál

Fjármál SkógBÍ voru að fullu tekin yfir af BÍ 1.júlí 2021. Hinn 10. febrúar 2022 fengur BÍ greiddar 12,8 mkr. úr Rammasamningi (aukið virði skógarafurða), sem mun vera 80% af 16 mkr. framlagi ársins skv. samningnum (eftirstöðvarnar 3,2 mkr. eiga síðan að berast í desember 2022).

Launakostnaður

Hér er greining á launakostnaði starfsmanns BÍ, sem sinnir búgreinadeildinni, og formanns deildar skógarbænda hjá BÍ á tímabilinu jan-nóv 2022. Þegar desember hefur bæst við má gera ráð að þessi kostnaður verði alls um 15 mkr.

Tímabil frá: 01.01.2022 til: 31.12.2022

	Laun	Frádráttur	Lífeyrissjóður	Stéttarfélag	Tryggingagjald	Samtals launakostn.	Tímar/Ein
Hlynur Gauti Sigurðsson [0711]	10.470.022,00	3.476.419,00	1.990.254,00	187.039,00	786.158,00	13.433.473,00	1.542,00
Jóhann Gísli Jóhannsson [0611]	601.433,00	169.246,00	57.420,00	187.039,00	746.613,00	12.735.075,00	771,00
					39.545,00	698.398,00	771,00

Útlistun á starfi starfsmanns má lesa um frama í skýrslunni. Deiling milli verkefna er ekki hárnákvæma en þetta sem hér er er líklega ekki ekki fjarri lagi:

Stjórnsýsla 38%	Innra starf 20 %	Sérverkefni 39%	Annað 3%
Starf sem snýr að stjórn SkógBÍ	Félagsmál (aðkoma að skógarbændafélögum, samskipti við skógarb. ...)	Kolefnisbrú, (25%) TreProX, (8%) Landbúnaðarsýning (3%) Viðargæði/staðlar (2%) Fagrådstefna 2022 (1%)	
Starf sem snýr að BÍ			

Starf formanns SkógBÍ er að hafa yfirumsjón með deildinni og vera talsmaður deildarinnar.

Annar kostnaður

„Húsnæðis- og starfskostnað“ vegna starfsmanns eru um 100 þkr. Á mánugði eða, eða samtals 1,2 mkr. á árinu 2022.

Enginn kostnaður var vegna fundahald SkógBÍ enda allir í fjarfundabúnaði.

Hvers megnugt er tré

